



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 16. mars 2017  
Tilvísun FLE 19-2014

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**  
**b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur**

**Málefni:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög nr. 2/1995 (64. mál) og frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (63. mál)

Með tölvupósti dags. 22. febrúar s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreind málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreind erindi til Álitsnefndar sem tók þau til umfjöllunar. Er gerð sameiginleg umsögn um frumvörpin tvö, enda eru þau að sama meiði.

Álitsnefndin vill koma eftirfarandi á framfæri:

#### **Almennar ábendingar:**

Endurskoðendur gegna mikilvægu hlutverki gagnvart hluthöfum félaga og þá ekki síst þegar um er að ræða félög tengd almannahagsmunum. Nefndin vill koma því á framfæri að hún fagnar allri umræðu um að auka gagnsæi hvað varðar það sem endurskoðun félaga felur í sér. Í því sambandi verður þó að hafa í huga að stjórnendur félaga bera ábyrgð á þeim fjárhagslegu upplýsingum sem fram koma í ársreikningi, sem og framsetningu hans, og endurskoðandi ber síðan ábyrgð á þeirri endurskoðun sem hann hefur framkvæmt og því álitum sem hann hefur gefið á ársreikningum á grundvelli hennar.

Gæta þarf að því að setja ekki skyldur á endurskoðendur að svara spurningum sem eru út fyrir verksvið þeirra og þeir því ekki rétti aðilinn til að svara. Sjálfsgagt mál er að auka upplýsingar frá endurskoðendum til hluthafa er varðar þeirra vinnu og er hin nýja endurskoðunaráritun á ársreikninga skráðra félaga, sem tók gildi á þessu ári, mikið framfararspor í þá átt.

Ákvæði um rétt og skyldu endurskoðenda til að sitja aðalfundi, sem og ákvæði um spurningar til endurskoðenda á aðalfundum, eru nú þegar fyrir hendi í nágildandi löggjöf. Í 107. grein laga um ársreikninga (3/2006) kemur fram að endurskoðendur *eigi rétt á* að sitja félagsfundi og jafnframt að þeir *skuli* sitja fundi ef félagsstjórn eða framkvæmdastjóri, einstakir stjórnarmenn eða félagsaðilar fara þess á leit. Þá *skulu* endurskoðendur sitja aðalfundi hlutafélaga sem eru skráð á verðbréfamarkaði. Þá er endurskoðendum jafnframt *skyldt* að sitja aðalfundi fjármálaafyrirtækja sbr. 4.

mgr. 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í ársreikningalögum er kveðið á um að endurskoðendur *skuli* á aðalfundi *svara fyrirspurnum* um ársreikning þann sem til umfjöllunar er og þeir hafa áritað.

Með vísan til þess sem að framan var ritað um ábyrgð stjórnenda annars vegar og ábyrgð endurskoðanda hins vegar þykir nefndinni eðlilegt að sama orðalag sé viðhaft í þeim frumvörpum sem hér er til umfjöllunar og er viðhaft í 2. mgr. 107. gr. ársreikningalaga en þar sem segir:

*Á aðalfundi skulu endurskoðendur eða skoðunarmenn svara fyrirspurnum um ársreikning þann sem til umfjöllunar er og þeir hafa áritað eða undirritað.*

Stjórnendur eru til svara á hluthafafundum um fjárhagsleg málefni félags í samræmi við sína ábyrgð og rétt er að afmarka kröfur um svör frá endurskoðanda félags við fyrirspurnir er varða þeirra störf, þ.e. ársreikning þann er þeir hafa endurskoðað og endurskoðunina sjálfa.

Í frumvörpum þeim sem hér eru til umfjöllunar virðist gengið út frá þeirri forsendu að endurskoðendur sitji alla hluthafafundi. Eins og framan hefur verið rakið er þó eingöngu að finna lagalega skyldu þess efnis hjá skráðum félögum og fjármálafyrirtækjum í nágildandi löggjöf. Að mati nefndarinnar mætti útvíkka þessa skyldu frekar þannig að hún næði til allra félaga sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum. Nánar tiltekið næði skyldan þá til eftirfarandi félaga, sbr. 9. tl. 2. gr. laga um ársreikninga:

*9. Eining tengd almannahagsmunum:*


- a. lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbref sín skráð á skipulegum verðbrefamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum,*
- b. lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi,*
- c. lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum um fjármálafyrirtæki,*
- d. félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi.*

107. grein ársreikningalaganna nær einungis til a. liðar 9. töluliðar. Eðlilegra væri að greinin næði til 9. tl. í heild sinni og því næði skylda endurskoðanda til að sitja hluthafafundi félaga og þar með svara spurningum er varða ársreikninginn til allra eininga tengdum almannahagsmunum en ekki eingöngu skráðra félaga. Þannig yrði jafnframt að skyldu að endurskoðendur sitji ársfundi lífeyrissjóða. Leggur því nefndin til að gerðar verði breytingar á 107 gr. laganna svo skylda endurskoðanda verði útvíkkuð sbr. ofangreint.

Nefndin er jafnframt þeirrar skoðunar að til álita kæmi að skylda endurskoðanda til að sitja aðalfundi og svara fyrirspurnum næði til allra félaga sem teljast endurskoðunarskyld, sbr. 96. gr. ársreikningalaga með hliðsjón af 98. gr. sömu laga.

Að lokum vill nefndin ítreka að hún fagnar allri umræðu um breytingar sem myndu gera það að verkum að endurskoðendur og störf þeirra komi að sem mestu gagni í samfélaginu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda



Sigurður B. Arnþórsson  
Frankvæmdastjóri FLE



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2017

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995 (upplýsingaskylda endurskoðenda), 64. mál.**

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 22. febrúar s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar 64. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995 (upplýsingaskylda endurskoðenda).


Í frumvarpinu er lagt til að kjörnum endurskoðanda félags sé gert skylt að svara fyrirspurn á hluthafafundi um allt það sem kann að varða reikningskil og fjárhagsleg málefni þó með hliðsjón af ákvæði sem þegar er í 1. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna.

Lífeyrissjóðir eru stórir fjárfestar og skiptir þá miklu máli að starfsemi félaga sem þeir fjárfesta í sé í góðu horfi og því styðja LL ákvæði sem eru til þess fallin að gagnsæi ríki um reksturinn og að upplýsingum sé því ekki að óþörfu haldið frá hluthöfum.

Hjálagt fylgir umsögn LL um frumvarp til breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 63. mál en þar er lagt til að sambærilegt ákvæði nái til endurskoðenda lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2017

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (upplýsingaskylda endurskoðanda), 63. mál.**

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 22. febrúar s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar 63. mál, frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (upplýsingaskylda endurskoðanda).

Í frumvarpinu er lagt til að kjörnum endurskoðanda lífeyrissjóðs sé gert skylt að svara fyrirspurn sjóðfélaga á ársfundi um allt það sem kann að varða reikningsskil og fjárhag að því gefnu að það valdi ekki sjóðnum og þar með sjóðfélögum tjóni.

LL vilja taka fram að ofangreind regla ætti ekki að fela í sér breytingar á núverandi framkvæmd þar sem endurskoðendur lífeyrissjóða eru almennt viðstaddir ársfundi og svara þeim fyrirspurnum sem að þeim er beint varðandi málefni sjóðanna og störf þeirra þeim tengd.

Í þessu samandi er þó rétt að hafa í huga almenna þagnarskyldu sem tilgreind er í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 129/1997 (ÍsJl.). Ákvæðið nær m.a. til endurskoðanda en þar segir: „Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.“

Sé það mat löggjafans að þörf sé fyrir lögfestingu á því ákvæði sem hér um ræðir skv. frumvarpinu væri eðlilegt að vísað yrði í fyrirvara skv. 32. gr. ÍsJl. varðandi þagnarskyldu endurskoðanda.


Í þessu sambandi er jafnframt rétt að vekja athygli á því að það kann að skapast ágreiningur um hvaða atriði séu háð trúnaði enda oft um matskennd atriði að ræða. Hér geta komið til viðskiptaleg atriði eins og til að mynda varúðarfærslur vegna krafna sem þriðji aðili kann að eiga á hendur lífeyrissjóði eða lífeyrissjóður á kröfu á hendur þriðja aðila og ágreiningsmál þar um hafa ekki verið leidd til lykta. Vera kann að í flestum tilvikum sé ljóst hvort atriði falli undir þagnarskyldu skv. 32. gr. eða það ákvæði sem lagt er til að verði lögfest í því frumvarpi sem hér er til skoðunar. Hins vegar geta komið upp vafatilvik. Því er spurning hvers sé að meta hvort slík atriði falli undir það að geta valdið sjóðnum og sjóðfélögum tjóni, sbr. orðalag

frumvarpstextans. Mögulega væri rétt að mæla fyrir um að slíkt mat sé á hendi endurskoðandans sjálfs. Ef hann sé í vafa geti hann óskað eftir afstöðu stjórnar sjóðsins þar um.

Með vísan í ofangreint telja LL ákvæðið þurfa frekari fyllingar við en almennt styðja LL að öll starfsemi lífeyrissjóða sé gagnsæ og að upplýsingum sé ekki haldið frá sjóðfélögum nema í þeim tilvikum að slík upplýsingagjöf kunni að vera til þess fallin að valda tjóni.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri